



Sæll Björn.

Ég (Einar Andresson) sendi þetta í fjarveru Elisar, sem er í burtu þessa viku, en ég hef verið tengdur þessu verkefni frá upphafi.

Ísfélagið og EFLA er búið vera að skoða ábendingar skipulagsnefndar um timburklæðningar á frystigeyslu og lét gera fyrir sig nokkrar tillögur til að meta.

Niðurstaðan er að hvít bygging með bláum hurðum og bláum steypum árekstrarvarnir falli best að núverandi byggingum Ísfélagsins og framtíðar byggingaráformum Ísfélagsins á iðnaðar- og hafnarsvæðinu Þórshöfn. Timburklæðningar henta ekki aðstæðum, eru dýrar í viðhaldi auk þess að beina athygli og umferð að byggingunni sem aldrei stóð til af hálfu Ísfélagsins.

Benda má að hráefnistankar og eimingarturn er 16 til 20 metra hátt og fellur á bak við nýjan klefa, útsýni í þá átt breytist lítið

Annað sem gerir það að verkum er að austurveggurinn þarf að vera hvítur í fyrsta áfanga er hitamismunur inni í frystigeyslunni og úti. Dökkir litir utanhúss ganga ekki því þá verður hitamismunurinn út og inni of mikill. Frystiklefa einingar geta teygst þannig að þær gangi ekki til baka. Ef breyta á ásýnd veggjarins sem snýr að höfninni þarf að heilklæða vegginn með stálklæðingu utan á frystiklefaeiningar, sem aldrei stóð til af hálfu Ísfélagsins í fyrsta áfanga.

Hins vegar kemur til greina að skoða norðurgafllinn þar sem áhrif sólar á klæðningar eru hverfandi með því að mála hluta veggjar eða setja listaverk, sem kynnt yrði fyrir nefndinni áður það verður sett á vegginn. Allar góðar hugmyndir eru vel þegnar.

Metnaður Ísfélags er hins vegar ganga strax snyrtilega frá byggingunni og umhverfi hennar og er tilbúið að ræða frágang lóðar fyrir norðan fyrirhugaða frystigeyslu þannig að hægt sé að nýta hana í góðri samvinnu við sveitarfélagið.

Með kveðju



EINAR ANDRESSON

EFLA Austurland

Rafmagnsverkfræði M.Sc

+354 6656068

+354 4126068

<https://www.efla.is> / Búðareyri 2 / 730 Reyðarfjörður / +354 412 6000

[Disclaimer](#)